

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.) og breytingartillögu á þingskjali 819.

Frá Helga Hjörvar.

2. tölul. brtt. á þskj. 819 falli brott.
- Á eftir 21. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem falla undir undanþáguflokk 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. vegna ökutækja sem tollafgreidd eru á árinu 2013:

Gjaldbil	Skráð losun CO ₂	Gjald í %
A	0–80	0
B	81–100	0
C	101–120	0
D	121–140	5
E	141–160	10
F	161–180	15
G	181–200	20
H	201–225	25
I	226–250	30
J	yfir 250	35

18. tölul. brtt. á þskj. 819 orðist svo: 40. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:
 - 1., 5., 6., 8., 16.–20., 22.–24., 28., 29. og 33. gr. öðlast gildi 1. janúar 2013.
 2. gr. öðlast gildi 1. september 2013 og tekur til afhendingar og útleigu hótél- og gistiherbergja og annarrar gistiþjónustu frá og með þeim degi.
 - 3., 9.–14., 21., 25.–27., 30., 32. og 34. gr. öðlast þegar gildi.
 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 2013 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2013 og álagningu á árinu 2014.
 7. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta í fyrirframgreiðslu og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2013.
 15. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda í staðgreiðslu vegna launagreiðslna frá og með 1. janúar 2013.
 31. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2013 vegna tekna ársins 2012.